

# NÁTTÚRUSAGA VÍTIS

## I

Árið 1930 kom út á forlag Cassels í Lundúnum, bók sem heitir: What is the real Hell? (Hvað er sannleikurinn um helviti?) Er það safn af ritgerðum eftir nafnkunna höfunda. Sir Oliver Lodge skrifar um að helviti sé til (The reality of Hell); Inge höfuðprestur nefnir sína ritgerð: Hvað vér eignum við með helviti (What we mean by Hell), og Annie Besant ritar um helviti sem skóla: Hell as a training school. Ritgerðir eru þarna eftir fleiri höfunda, og allar eins vel samdar og búast mátti við af mönnum, sem svo mikið orð fer af fyrir ritsnilld. En ekki fæ ég betur séð, en að þær eigi allar einnig sammerkt í því að þær flytja oss alls engan skilning á því, hvað helviti er í raun og veru. Og um slíkan skilning getur heldur ekki verið að ræða, fyrr en vér lærum að líta náttúrfræðingsaugum á tilveruna, framyfir það sem gert hefir verið.

## II

Þau áhrif tungls og sólar, sem valda flóði og fjöru, miða að því að lengja tímann, sem hnötturinn er að veltast um sjálfan sig. Þýski spekingurinn Immanuel Kant (1724-1804) var sá, sem fyrst kom þetta til hugar. Miðar þessi seinkun að því að jörðin sé jafn lengi að snúast um sjálfa sig og hún er að renna kringum sólina. Er það nefnt bundinn möndul-snúningur; og þegar svo er komið skiptist ekki framar á nótt og dagur, heldur er öðrumegin hnattarin Ljósheimur, þar sem aldrei dimmir af nóttu, og hinumegin myrkheimur, þar sem aldrei birtir af degi.

Það var ein af stóru stundum ævi minnar, þegar mér kom í hug, vorið 1913, að þetta sem Swedenborg nefnir hinn

andlega heim (mundus spiritualis), sé í raun réttri hnöttur, sem þannig er komið fyrir; og hvernig þetta mætti rannsaka. Það varð ennfremur augljóst, að hugmyndirnar um Víti, mundi vera að rekja til lífs eins og því er lifað í myrkheimi hnattar. Kemur þetta ótvíræðlega fram bæði í ritum spíritista frá síðari tímum, og eins í fornum átrúnaði. En aldrei hefi ég séð þess neinn vott, að mönnum hafi skilist, hvað um er að ræða í raun réttri, og eru jafnvel þær merkilegu lýsingar á Víti, sem nú skal nokkuð af sagt, í því efni engin undantekning.

### III

J. S. M. Ward, sem segir svo óvanalega fróðlega frá lífinu eftir dauðann í bókum sínum „Gone West“ og „A Subaltern in Spirit Land“, hefir fróðleik sinn frá tengdaföður sínum H. J. L., sem andaðist átræður — ég læt hér eftir nægja að nefna hann L. — og frá bróður sínum R. W., er féll í ófriðnum mikla. Er fróðlegt að virða fyrir sér nokkrar spurningar, og íhuga hversu erfitt muni vera að svara, þegar spurt er af mjög röngum og ónógum skilningi. J. W. sprýr: „Hvar ertu? Kemurðu til mín úr einhverjum öðrum stað?“ Þessu getur L. ekki svarað, en í öðru sambandi kemur svarið við spurningunni: „Það er eigi einungis, að það sé eitthvað til í fjarskynjun (telepathy) — segir L. — heldur er hún hér um bil allt. Hún er aðaltengiliðurinn milli yðar heims og vors. Þú veist, að sumt fólk hefir öðlast hæfileika til að vita, hvað hendir vini þeirra, þó að í fjarlægð sé. Hérnamegin höfum við öll þennan hæfileika.“ — Hér vil ég skjóta því inn, að því fer fjarri, að fjarskynjun eigi sér einungis stað milli vina. Um mörg ár hefir maður sem eigi einungis er óvinur minn, heldur langversti óvinurinn, sem ég hefi eignast á ævinni, vitað mjög til mín á þennan hátt, og notað þá vitneskju til þess að reyna til að gera mig að aumingja, með því að eyðileggja svefn minn, og fleiru; hafa ýmsir verið svo illgjarnir gagnvart mér, að ímynda sér, að ekki væri að marka það sem ég segi um þetta efni. Á ekki illa við, að þessa talsvert víslega athæfis sé getið í grein, sem á að

skýra nokkuð fyrir mönnum hvað Víti er. — S. 10 hefir J. W. eftir L. aðra eins vitleysu og þá, að framliðnir hafi engan líkama. En s. 14 eins ágætt heilræði og það, að hann skuli reyna til að fræðast eins mikið og honum sé unnt, meðan hann lifi hér á jörðu, því að það miði mjög til að greiða fyrir framförum hans, þegar yfrum kemur. Vildi ég þess óska, að lesendur míni létu sér skiljast, hve mikils virði það heilræði er. L. segir J. W. frá dauða sínum, og er það einkum eftirtektarvert, að hann finnur um hríð fyrir nístandi kulda; en svo líður kuldinn frá, og hann verður þess þá var, að hann er kominn í mjög yndislegt hérað. Kuldatilfinningin svarar til þess er R. W. fannst hann vera alltaf að falla — eins og ég hefi getið um hér áður; — flutningurinn til annarrar jarðar lýsir sér þannig.

L. verður fyrst eftir að hann kemur yfirum, að ganga í nokkurskonar barnaskóla þar sem honum er kennt það sem nauðsynlegt er til að geta áttað sig á lífinu eftir dauðann. Honum fer fljótt fram, og hann gengur síðan á háskóla og á heima á nokkurskonar stúdentagarði; og þar heimsækir J. W. hann oft; hann er að því leyti á undan samtíð sinni, að hann getur notað svefninn til samvista við framliðna ástvini. En síðar meir mun þetta verða algengt.

J. W. spyr. „Skiptist á hérna nótt og dagur?“ „Nei“, segir L., „ljósið kemur frá oss sjálfum; en þó er þessi dularfulli roði.“ Lýsir sér í þessum orðum nógu skemmtilega, að L. muni ekki vera alveg viss um að skýring hans á birtunni þarna á staðnum, sé rétt. Enda getur það ekki verið neinum vafa undirorpíð, að þessi dularfulli rauðleiti bjarmi sem hann á svo erfitt með að gera sér grein fyrir, er sólarlagsroði. Það kemur greinilega fram í mörgu sem sagt er, að L. er fluttur til jarðar þar sem ekki skiptist á dagur og nótt, heldur er alltaf sama birta og sama myrkur á sama stað. Á einu „andasviðinu“ er birtan alltaf eins og sólin sé í hádegisstað um miðbaug; á öðru sviði er birtan eins og á Englandi. Og þar sem L. á nú heima, er alltaf eins og kvöldbirta, þar er alltaf komið undir sólarlag. J. W. minnist oft á þessa birtu, sem hann sér þarna, er hann heimsækir L. eins og t. d. s. 68,

er þeir eru staddir við fagurt stöðuvatn, og L. segir: „Sjáðu, nú er ég farinn að geta flogið“, og hefst síðan á loft og svífur yfir vatnið; en J. W. horfir á eftir honum og athugar jafnframt hvernig hinn rósliti bjarmi þessarar sólar sem er alltaf að setjast, blikar við frá vatninu (the rosy light of the eversetting sun). Þegar haldið er í tilekna átt frá þessum sól-setursstað hverfur allur gróður, en við taka sandar og grjót-auðnir, og jafnframt minnkar birtan og rökkur færist yfir, en síðan kolsvarta myrkur. Og í myrkrinu er Víti, og eru þar á takmörkunum björg geisihá (sbr. Himinbjörg í sögunni af Heimdalli). Og ekki vantar barna heldur, að getið sé um nokkurskonar kastala til varnar gegn illum verum; en þó er þar jafnframt skóli og hjúkrunarstöð fyrir þá, sem tekst að bjarga úr hinum illu stöðum myrkheims; en mikil viðleitni er frammi höfð í þá átt. Í bókinni „A Wanderer in the Spirit Lands“ eftir „Farnese“, þar sem birtu og myrkri í „andahheiminum“ er einnig þannig lýst, að vér þurfum ekki að vera í neinum efa um, að verið er að segja frá jörð sem er ljósheimur á aðra hlið, en myrkheimur á hina, er mjög fróðlega sagt frá leiðangri sem gerður er út frá dagheimi hnattarins til að bjarga úr myrkrunum þeim, sem eru farnir að taka þeirri hugarfarsbreytingu að björgun verði við komið. Og einnig J. W. segir frá slíku í „Gone West“, og bætir hvor frásögnin aðra upp.

L. fer með kennara sínum í fræðiför og sér af hárrí hamrabrún hinn ógurlega sorta Vítis fyrir fótum sínum. Segir hann, að myrkur helvítis sé ekki eingöngu skortur birtu heldur útflæði nokkurt biksvart eða meir en það, frá hinum illu verum sem myrkheim byggja. Sbr. orðin „hann var svartr sem bik“ þar sem Njála segir frá sýn Hildiglúms, á þeim tínum er mikið var hér á landi um sambönd við myrkheim. — Sem nú þeir L. og kennari hans standa þarna á bjargbrún og horfa í sortann, sjá þeir koma upp fyrir brúnina lýsandi hnött, og átta þeir sig fjótt á því, að barna var „dýrðlegur andi ljóssins“, eða ljósheimsbúi svo bjartur að lýsti af honum. Leggst „andi“ þessi fram á hamrabrúnina (!) og dregur upp á eftir sér aumlega veru; var þetta skjól-

stæðingur hans, sem honum hafði tekist að bjarga úr Víti. Hafði þessi maður bundið fyrir augun, en kvartar þó sáran yfir því hvað birtan sé þarna óþoland; en þar var ekki einu sinni full dagsbirta. Maður þessi, sem verið hafði í Víti, kunni frá mörgu að segja, þegar hann hafði jafnað sig. Er þar margt fróðlegt, og ekki síst það sem hann segir frá verstu verunum sem hann hafði komist í kynni við, hinum eiginlegu djöflum sem aldrei höfðu verið menn (?). Lýsir hann einum þeirra þannig: Hann var stærri miklu en maður, og þó nokkurn veginn í mannsmynd, en stórum ferlegri ásýndum en nokkur maður getur verið. Hann var ekki samur að sjá „tvær mínútur í senn.“ Það var ekki einungis, að svipur hans breyttist, heldur tók hann á sig mynd ýmissa dýra, var t. d. eina stundina bukkur, en aðra risavaxin slanga; og enn breytti hann sér í rauðan eldstólpa, sem stundum varð að æðandi blossa. En stundum virtist hann gerður af myrkri einu, og mundi þá hafa átt við að segja, að hann væri svartari en bik. Virðist mér sem þetta gæti aukið oss skilning á því sem af Loka er sagt, en ég hygg, að nafn hans rétt ritað hafi verið Logi. Sbr. hina algengu misritun „lok yfir akr“ fyrir „logi yfir akr.“ En að sköpulag djöfuls þessa er svona umbreytilegt, hygg ég standi í sambandi við það, að hann nærist og vex eingöngu á því að sjúga til sín lífsorku annarra lífmynda, og getur þá sköpulagið fylgt með um stundarsakir. Væri það fróðleg saga, ef vér vissum hvers vegna Æsir tóku Loka til fósturs, og þó líklegt, að þar sé merkilegur þáttur í hinni guðlegu viðleitni á að breyta til góðs verðimegund hins illa. Mun Sigyn þar hafa átt þann hlut að, sem erfiðastur var. Loki mun í fyrstu hafa verið ferlegur yfirlits, eins og djöfull þessi sem J. W. segir frá, en tekist síðan að ná á stundum, fegurð og yfirbragði Ása. En þó var það einungis yfirborðið, sem tókst að breyta, og baráttan við hinar illu verur varð Ásum ofurefli, e. t. v. meðfram af því, að Miðgarðurinn brást. Vér fáum bæði í Eddu og Opinberun Jóhannesar að vita, hve mikla stund styrjaldaraðilarnir, sem komnir voru fram yfir mannsstigið til ills eða góðu lögðu á að fá Miðgarðinn í lið með sér. Eða með

öðrum orðum þessar verur, sem vér nefnum menn, og ætlað er að komast áleiðis til að verða guðir, en eiga á hættu að geta orðið djöflar.

#### IV

Saga Ahrinzimans (The strange story of Ahrinziman) eftir A. F. S., er með því allrafróðlegasta sem ég hefi lesið um líf eftir dauðann, og ber þó einkum af lýsingin á Myrkheimi. En ekki er vandalaust að lesa sér til gagns, því að þrátt fyrir alla kosti, þá er mikið um misskilning einnig í þessari bók, og vantar raunar alveg þann undirstöðuskilning, að líkamlegu lífi er ekki lokið með dauða, og að lifað er frá stjörnu til stjörnu. En merkilegur sannleikur býr þó undir mörgu því sem þar stendur, og skal nú reynt að segja frá sumu efni bókarinnar, þannig að til gagns megi verða.

Ahrinziman hafði verið konungur í Austurlöndum, en var felldur frá ríki af hálfbróður sínum. Varðist hann að síðustu í höll sinni af mikilli hreysti og fíll þar. Eftir svefn svo langan að árum skipti, „vaknar sál“ hans í helli einum miklum á „astralsviðinu“. Er þar myrkt í hellinum og illur söfnudur og áleitinn, sem honum tekst þó að flýja frá. Vitanlega er það hinn endurskapaði líkami hans sem hefir legið þarna og sofið, en hellir þessi hinn mikli er á annarri jarðstjörnu. Af ýmsu, sem í öðrum stöðum segir, verður að telja líklegt, að í helli þessum muni hafa verið jarðhiti nokkur, þó að ekki sé það þarna tekið fram. Segir nú ekki hér af Ahrinziman fyrr en hann er staddur í víðri, grýttri sléttu, sem mjög er orpin ösku og vikri, og er þar hjá honum töframaðurinn Mansúr. Mjög dimmt er yfir og síðskýjað, og þungt loft. Skammt frá sér sjá þeir gnæfa upp það, sem virðist vera mikil höfuðborg, lík því sem í Austurlöndum gerist. Eru þar hallir ærið stórar, og háir turnar; bjarmar um hallirnar af firnamiklum eldum sem kyntir eru inni fyrir, en á turnunum blossa vitar, sem blóðrauða birtu leggur frá, yfir vikraruðnina í kring. Þeir ganga nú inn í borgina, og til þeirrar hallarinnar, sem langstærst er, og bústaður keisarans í þessu myrkraríki. Allt er þarna fornþálegt að sjá og ber á sér merki

hnignunarinnar. Og ekki einungis það. Blóð er víða á götusteinum og húsveggir blóði drifnir. Sbr. orð Eddu: rýðr ragna sjöt — rauðum dreyra; og það sem í Njálu segir, að sama daginn sem Brjánsbardagi var, þar sem féllu margir brennumenn, kom „at Svínafell blóð ofan á messuhökul prests, svá at hann varð ór at fara.“

Er þeir Mansúr koma inn í hinn feikna víða hallargarð, sjá þeir að þar eru þúsundir af „öndum“ og mikill viðbúnaður. Á palli háum er reist mikið hásæti, og mörg marmaraþrep upp að, en á hverju þepi krýpur til hvorras handar „andi“ höfuðlaus, en hið afhöggnna höfuð horfir aftur á milli knjánna, og sést renna til augunum við og við. Samskonar „skraut“ er á hallarveggjunum, á slíkum stöðum, sem búast mátti við, að prýddir væru marmaramyndum. Segir Mansúr, að þetta séu andar fanga, sem keisarinn, er í jarðlífi sínu hafði verið hinn mesti herkonungur, sannkallaður Skelfir, hafði látið taka af lifi til skemmtunar á sigurhátiðum sínum. Er þetta mjög fróðlegt. Hinir líflátnu fangar hafa þarna líkamast; en þó má ekki ætla að þeir eigi þarna dvöl nema mjög skamma stund, ef ekki er um illmenni að ræða. Líkamningar þessir á framlífshöll hins grimma herkonungs eru til orðnir á hans kostnað, og kemur það að vísu ekki við hann, meðan hann hefir ótakmarkað vald yfir milljónum og getur lagt undir sig lífsorku þeirra eftir vild sinni; en þegar vald hans dvínar, fer þetta að ganga nærrí honum; hans eigin tilfinning verður í þessum líkamningum, og að lokum fer svo, að hann verður sjálfur að þola allar þær þjáningar, sem hann hafði öðrum bakað.

Er þeir höfðu beðið þarna nokkra stund, Ahrinziman og Mansúr, dregst svart tjald frá aðalinngangi hallarinnar, og út kemur mikill fjöldi, fyrst þrælar, og fleygja þeir niður rjúkandi húðum sem flegnar höfðu verið af dýrunum lifandi, og á þessari viðhafnarábreiðu gengur síðan til hásætis keisarinn og gestur hans — því að annar myrkrahöfðingi er í heimsókn hjá honum. Fylgir þeim mikið föruneyti og þar í stór hljómsveit sem leikur á ýmiskonar hljóðfæri; er sú tónlist ekki einungis leiðinleg, eins og svo mjög mikið af því

sem hér á jörðu er kallað músík, heldur eru tónarnir svo hryllilega falskir, að allir sem heyra kveinka sér við, nema keisararnir, þeir hlusta brosandi á misyminn. Höfðingjar þessir eru tröllstórir og gnæfa yfir allt hið annað lið, fagrir eru þeir líkt og Loka er lýst, og þó hafa glæpir þeirra og lestar markað svipinn; yfir sér hafa þeir hlaðbúnar purpurskikkjur mjög dökkrauðar, en á höfði blossomandi kórónu og framaní mjög blikandi stjarna líkt og gimsteinn, blóðrauð á keisaranum, en græn á gesti hans. Svipaðar stjörnur á enni hefir föruneyti þeirra, hvort með síns höfðingja lit, en miklu minni. Gefur þetta fróðlega bendingu um við hvað muni vera átt í Opinberunarþókinni með „innigli dýrsins“ á enni þeirra sem því fylgja. (Sbr. hér áður s.367). Að einnig höndin er nefnd í því sambandi, er ekki þýðingarlaust, því að lífsorkan geislar eigi einungis mjög af höfðinu, heldur einnig fingrunum. Eftirtektarverð er lýsingin á hásætinu. Súlurnar eru þannig gerðar, að í þeim krömdust „andar“, en risavaxnar nöðrur teygja hausana framyfir þá sem í hásætunum voru, og draup eitur af hinum blaðrandi tungum. Sbr. orð Snorra: „Á Náströndum er mikill salr ok illr ok...ofinn allr ormahryggjum sem vandahús, en ormahöfuð öll vitu inn í húsit ok blása eitri“.

Allt í þessum illa stað miðar að því að ná frá öðrum lífsorku þeirra sjálfum sér til magnanar — sbr. hin merkilegu orð um Mánagarm, sem „fyllisk fjörvi feigra manna“ — og er það því auðveldara, sem meiri pindingum er beitt. Þess vegna eru húðirnar sem myrkrahöfðingjarnir ganga á til hásætis, rifnar af dýrunum lifandi, þess vegna brosa höfðingjarnir, þegar föruneyti þeirra kveinkar sér við tónlist hljómsveitarinnar; og að þessu miðar hin hryllilega skemmtun sem þarnæst segir frá. Hringvöllur hefir þarna verið gerður, líkt og hinn rómverski circus, og há girðing um. Er nú hleypt inn á þetta hringsvið fjölða af herfilegum dýrum, sem eftir lýsingunni minna helst á tígrisdýrið saxtanna (Makhairodon), sem á pliocena tímanum lifði hér á jörðu, og var stórum ógurlegra en nokkurt nútímarándýr. Verður þar harður aðgangur og blóðugur, en þó er þetta aðeins forleikur, því

að þegar þannig hafa verið valin úr grimmstu dýrin, þá eru „andar“ reknir fram á móti ófreskjum. Lýkur þeirri viðureign svo, að völlurinn er alþakinn sundurtættum hræjum. (Góð bending um að þarna er ekki um anda að ræða!). Þykir áhorfendunum þetta hið mesta gaman. Nú kemur keisarinn auga á Ahrinziman og skipar að reka hann inn á völlinn og láta hann reyna sig við ófreskjurnar; og er það gert. En sex af þessum tígrisdýrum — eins og þau eru þarna nefnd — ætla að rífa hann í sundur. En þá kemur í ljós, að þau komast hvergi nálægt honum. Hafði Mansúr gefið honum töfrasprota, gersemi mikla, sem átt hafði keisari, er endur fyrir löngu hafði ráðið þarna ríkjum, en var nú eftir óumræðilegar þrautir, kominn á leiðina uppávið. Sproti þessi fær Ahrinziman samband við hinn fyrri eiganda, svo að hann getur stuðst við hans mátt og kúgað rándýrin, uns honum fipast, er hann sér, að Mansúr geldur þannig góð-verks síns, að honum er fleygt fyrir dýrin, sem á svipstundu rífa hann í tætlur. En góðverk þetta, sem Mansúr hafði getað neytt sjálfan sig til að gera, verður þó raunar til þess, að hann deyr burt úr Víti, fær í öðrum stað nýjan líkama í staðinn fyrir þann, sem þarna hafði verið rifinn sundur, og getur hafið hina erfiðu göngu sína uppávið. Myrkrahöfðingjarnir lenda nú í deilu út af Ahrinziman, því að gesturinn vill bjarga honum frá dýrunum og fá hann í sína þjónustu, og hefir hann það fram. En afleiðingin af þessu er hin grimmasta styrjöld. Gengur mjög á slíku í þessari tegund Vita, og er barist af ennþá meiri grimmdu og æði en í styrjöldum hér á jörðu. Í þessari styrjöld fellur Ahrinziman, og man það síðast til sín, að riddaralið geisist fram yfir hann, þar sem hann liggur ósjálfbjarga á jörðinni.

Það mun þykja ótrúlegt, að sá semáið hefir, skuli getaáið aftur. Og í „Gone West“ s. 221, stendur, að enginn dauði sé til í Víti: Of course there is no death in Hell. En eins og sjá má jafnvel á þeirri lýsingu, er þetta ekki rétt. Að vísu er það svo, að áverkar sem hér á jörðu mundu bráðdrepa, gróa í Víti og það fljótt, svo að hægt er að pinda menn aftur og aftur. En þar sem er farin að verða breyting á hugarfarinu

til batnaðar, er lokið þeirri samstillingu sem olli því, að menn gátu fengið að þola dauðakvalir aftur og aftur, og maðurinn getur dáið og líkamast aftur í betri stað. (Um þýðingu samstillingarinnar í þessu efni, sjá Ennýal, s. 175: professor Sayce sagði frá því, er hann hafði sjálfur séð, hvernig Múhameðstrúarmenn gátu, eftir ýmsa undarlega tilburði er leiddu til samstillingar, veitt sér stór sár er þó greru jafnharðan).

Þegar Ahrinziman raknar við úr þessu öðru dauðadái, þá er hann langt í burtu þaðan sem hann hafði fallið, en þó ekki á annarri jarðstjörnu eins og áður, er hann dó úr frumlífínu. Hann liggur á vikurflöt, í víðum eldgíg, og nú er hann ekki alveg í myrkri. Út við sjónjaðar er daufur bjarmi, eins og um aftureldingu. En birtan eykst ekki. Aftureldingin verður ekki að dagrenningu. Þetta eru býsna fróðlegar upplýsingar. Ahrinziman hefir verið í hinum „ystu myrkum“, þar sem myrkrið er svartast á næturhlíð hnattar. En nú er hann að komast á framfaraleið. Hann hefir færst það nær dagheimi hnattarins, að hann getur eygt glætu af sól, eins og um aftureldingu. En að vísu mun ekki verða nein sólarupprás þarna sem hann er nú. Hann verður sjálfur að færa sig í sólarátt. Og er honum þó erfitt um ferðalagið, því að eins og hann finnur nú með skelfingu, þá er mikil og ill breyting orðin á líkama hans. Hann, sem fyrir skömmu hafði verið hraustur maður og fríður, á besta aldri, er nú lotinn, visinn, máttlítill og sjóndapur öldungur.

Og líkt þessu mun einhverntíma fara fyrir hinum miklu myrkheimshöfðingjum, er háðu styrjöld þá, er hann hafði fallið í, og svo voru tröllauknir og magnaðir af því að „fyllast fjörvi“ annarra. Allri þessari rangfengnu stærð og orku verður að skila aftur með kvöllum, og fyrr er ekki komið á framfaraleið en jafnvel hinir mestu risar eru orðnir ekki stærri en smábörn. Frá þessu er einkum fróðlega sagt í „Gone West“, en þó er einnig drepið á þetta sama í sögu Ahrinzimans, og getur vel verið rétt það sem þar segir, að orð Jesú „nema þér verðið eins og börn“ o. s. frv., lúti a. m. k. meðfram að þessu.

Það má geta því nærri, að leiðin uppávið er löng og torsótt fyrir þá, sem miklir hafa orðið á því að vinna ill verk, og um langa hríð jafnvel verri og verri, eins og einkum þeir, sem stórhöfðingjar verða í hinum illu stöðum. En þó mun jafnvel hin lengsta leið sækjast um síðir, því að allt gerist þetta í heimi þar sem sólirnar lýsa um billjónir ára, og fylgihnettir þeirra geta um þúsundir áramilljóna verið heimkynni lífsins.